Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

# Reglur um úthlutun styrkja fræðslu- og tómstundanefndar

1. Auglýst er eftir umsóknum um styrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar ár hvert.

2. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem vistað er á heimasíðu sveitarfélagsins http://www.hornafjordur.is undir stjórnsýsla.

3. Styrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið fræðslu- og tómstundanefndar.

4. Styrkir eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.

5. Styrki vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði. Styrkupphæð vegna einstakra verkefna skal ekki fara umfram kostnað sem að af þeim hlýst.

6. Fræðslu- og tómstundanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur fræðslu- og tómstundanefnd falið fræðslustjóra að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.

Samþykkt á fundi fræðslu- og tómstundarnefndar 21. desember 2016
Samþykkt í bæjarstjórn 12. janúar 2017

Björn Ingi Jónsson
bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

*Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt. 590169-4639, sími 470 8000, fax 470 8001,hornafjordur@hornafjordur.is*